

## Fundargerð

2. fundur í viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn í Holti í Svalbarðshreppi mánudaginn 3. maí 2021. kl. 16:00

Mættir; Frá Langanesbyggð; Miriam Blekkenhorst varaoddviti og formaður nefndarinnar, Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Siggeir Stefánsson sveitarstjórnarmaður og Jónas Egilsson sveitarstjóri. Frá Svalbarðshreppi; Sigurður Þór Guðmundsson oddviti og Ragnar Skúlason hreppsnefndarmaður. Björn S. Lárusson skrifstofustjóri Langanesbyggðar ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn.

1. Lögð fram tilboð ráðgjafa fyrir nefndina.

Það hafa borist 4 umsóknir um ráðgjöf fyrir nefndina. Frá Aton ehf., Rannsóknarmiðstöð HA, RR ráðgjöf og frá Haraldi Líndal.

Ákvörðun um ráðningu ráðgjafa frestað til fimmtudagsins 6. maí kl. 12:00 á fjarfundi nefndarmanna.

Gert er ráð fyrir að ráðgjafi skili til nefndarinnar álit og fyrstu niðurstöðu fyrir 14. júní þannig að sveitarstjórnir geti tekið ákvörðun um formlegt framhald viðræðna 28. júní.

2. Önnur mál.

Siggeir vakti athygli á samningi sem gerður var við sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra. Samningurinn verður settur á Teams svæði nefndarinnar til skoðunar. Fleiri samningar frá Húnavatnshreppi verða settir á Teams svæðið.

Næsti fundur boðaður fimmtudaginn 6. maí kl. 12:00. á fjarfundi Á dagskrá er ákvörðun um ráðningu ráðgjafa.

Fundi sitið kl. 17:30 -